

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
102. fundur.

Miðvikudaginn 29. mars 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 10.30 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fjárhagsáætlun 2012 til 2014, seinni umræða.
3. Útboð á skólaakstri í Húnavatnshreppi.
4. Sameining leikskóla og grunnskóla í eina rekstrareiningu.
5. Kjörskrárstofn vegna þjóðaratkvæðagreiðlu 9. apríl 2011.
6. Fundargerðir:
 - a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 28. mars 2011.
 - b) Stjórnar SSNV, dags. 15. mars 2011.
 - c) Stjórnar Byggðasaml. um menningar- og atvinnumál, dags. 4. febrúar 2011.
 - d) Stjórnar Byggðasaml. um félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 9. mars 2011.
7. Bréf.
 - a) Frá Specialisterne á Íslandi, dags. 1. mars 2011.
 - b) Frá Grænn apríl, dags. 24. 02. 2011.
 - c) Frá Hugmyndir, dags. 9. 03. 2011.
 - d) Frá Vegagerðinni, dags. 22. 03. 2011.
8. Önnur mál.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 10.30

Samþykkt að gera þá breytingu á dagskrá fundarins, að fundargerð Hveravallafélagsins ehf frá 25. mars. s.l. er tekin fyrir undir dagskrárlið 6.e)

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Kynnt bréf frá Blönduósbæ dags. 4. febr. 2011, er varðar leikskóladvöl barna utan lögheimilissveitarfélags.

Mál sem Húnavatnshreppur sótti s.l. vor vegna brota á fjallskilasamþykkt fyrir A-Hún og lögum um afréttarmálefni og fjallskil hefur lokið með sektargerð.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundarhöldum undanfarið og vinnu við ársreikninga 2010.

Samþykkt var að óska eftir fundi með vegamálastjóra og umdæmisstjóra vegamála á Norðurl-vestra um slæmt ástand vega í Húnavatnshreppi.

2. Fjárhagsáætlun 2012 til 2014, seinni umræða.

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti 3. ára fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps við seinni umræðu. Gert er ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu á árunum 2012 til 2014. Fjárfestingar verða litlar og ekki er gert ráð fyrir lántökum.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 102. fundur.

Björn Magnússon lét bóka að honum fyndist of lítið gert í fjárfestingum á tímabilinu.

Fjárhagsáætlunin var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

3. Útboð á skólaakstri í Húnavatnshreppi.

Fyrir fundinum liggur útboðslýsing vegna skólaaksturs fyrir Húnavallaskóla. Útboðsgögnin voru yfirfarin. Samþykkt var breyting á lið 1.3. Samþykkt var að heimila frávikstilboð sem skilgreint yrði í lið 4.1.

Útboðsgögnin voru samþykkt með sex atkvæðum (BM, ÞS, IS, JS, JEP, GRH) einn sat hjá. (MS)

Björn Magnússon er almennt á móti því að gert sé ráð fyrir innáakstri á akstursleiðum.

4. Sameining leikskóla og grunnskóla í eina rekstrareiningu.

Fyrir fundinum liggur álit starfshóps um samrekstur skóla á Húnavöllum. Starfshópurinn var skipaður samkvæmt tillögu hreppsnefndar þann 2. febrúar s.l. og í honum voru: Birgir Ingþórsson, Jón Gíslason, Þóra Sverrisdóttir og Jens P Jensen. Guðjón Ólafsson fræðslustjóri starfaði einnig með hópnum sem faglegur ráðgjafi.

Í lokaorðum í álit starfshópsins segir m.a.

“Starfshópurinn telur að í Húnavallaskóla og leikskólanum Vallabóli sé verið að vinna metnaðarfullt og gott starf. Samfélagið stendur hins vegar frammi fyrir þeirri staðreynd að mjög hefur fækkað í nemendahópnum á umliðnum árum. Við teljum því að samrekstur muni styrkja faglegt starf á báðum skólastigum og auka fjölbreytni, félagslega og námslega, til hagsbóta fyrir nemendur og starfsfólk.

Jafnframt teljum við að samrekstur skólanna skapi möguleika á hagkvæmari rekstri. Ef allir leggjast á eitt og hugur, góður vilji og jákvæðni eru höfð að leiðarljósi getum við gert gott skólustarf enn betra í Húnavatnshreppi. Einn sameinaður skóli stendur að okkar mati sterkar en tveir litlir skólar á sömu lóð.

Það er von okkar sem stöndum að þessu álit að hreppsnefnd Húnavatnshrepps taki undir með okkur og stuðli að því að tillögurnar hljóti brautargengi

Starfshópur um samrekstur leik- og grunnskóla á Húnavöllum leggur því til að stefnt verði að því að leik- og grunnskóli Húnavatnshrepps verði sameinaðir undir einni faglegri, skipulagslegri og rekstrarlegri stjórn frá og með haustönn 2011.”

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir að Húnavallaskóli og leikskólinn Vallaból verði sameinaðir í eina stofnun, með eina yfirstjórn, frá og með 1. ágúst 2011. Stofnunin verður deildarskipt leik- og grunnskóla stofnun.

Við breytinguna verða embætti skólastjóra Húnavallaskóla og leikskólastjóra við leikskólann Vallaból lögð niður og auglýst eftir einum skólastjóra.

Sveitarstjóra ásamt fræðslunefnd er jafnframt falið að auglýsa eftir skólastjóra við sameinaðan leik- og grunnskóla á Húnavöllum.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

5. Kjörskrárstofn vegna þjóðaratkvæðagreiðlu 9. apríl 2011.

Fyrir fundinum liggur kjörskrárstofn vegna þjóðaratkvæðagreiðslu þann 9. apríl 2011 um samþykkt eða synjun laga nr. 13/2011.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

102. fundur.

Kjörskrárstofn byggir á íbúaskrá þjóðskrár 19. mars 2011.

Hreppsnefnd yfirfór kjörskrárstofn. Á kjörskrá eru alls 309 einstaklingar 134 konur og 175 karlar.

Hreppsnefnd samþykkti kjörskrárstofn sem kjörskrá í sveitarfélaginu með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Oddvita var falið að ganga frá kjörskrárstofni og undirrita sem kjörskrá.

Kjörskrá Húnavatnshrepps liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins á Húnavöllum frá miðvikudeginum 30. mars og til kjördags.

6. Fundargerðir:

a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 28. mars 2011.

Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju sinni með góðan árangur Húnavallaskóla í Pisa 2009.

Hreppsnefnd tekur undir það álit fræðslunefndar að mikilvægt sé að áform um samrekstur skólaflokkanna komi ekki niður á gæðum skólaflokkans.

Sveitarstjóra falið að kanna kostnað við uppsetningu á öryggiskerfi í Húnavallaskóla.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

b) Stjórnar SSNV, dags. 15. mars 2011.

Sveitarstjóra falið að undirrita, f.h. Húnavatnshrepps, þjónustusamning sveitarfélaga og byggðarsamlags um málefni fatlaðra á Norðurl-vestra, sem undirritaður verður á Siglufirði 1. apríl n.k. Hreppsnefnd tekur undir eftirfarandi bókun stjórnar SSNV um Húnavallaleið:

“Stjórn SSNV ítrekar fyrri ályktanir sem og ályktun 18. Ársþings SSNV um að lögum samkvæmt fara sveitarfélögin með skipulagsvaldið. Stjórnin skorar á öll sveitarfélög landsins að standa saman vörð um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga í skipulagsmálum. Stjórnin beinir því til alþingismanna að leggjast gegn öllum áformum um lagasetningar sem ganga gegn þeim rétti. Stjórnin lýsir undun á framgöngu Akureyrarbæjar í umfjöllun um lagningu svonefndrar Svínvatnsleiðar/Húnavallaleiðar sem gengur freklega gegn rétti og hagsmunum viðkomandi sveitarfélaga og lesa má í fundargerð bæjarráðs Akureyrarbæjar frá 10. mars 2011.”

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

c) Stjórnar Byggðasaml. um menningar- og atvinnumál, dags. 4. febrúar 2011.

Lögð fram til kynningar.

d) Stjórnar Byggðasaml. um félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 9. mars 2011.

Lögð fram til kynningar.

e) Stjórnar Hveravallafélagsins ehf, dags. 25 mars. 2011.

Lögð fram til kynningar.

7. Bréf.

a) Frá Specialisterne á Íslandi, dags. 1. mars 2011.

Efni: Styrkumsókn.

Hreppsnefnd hafnar erindinu.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

102. fundur.

b) Frá Grænn apríl, dags. 24. 02. 2011.

Efni: Kynning á GRÆNUM APRÍL, sem er átaksverkefni sem miðar að því að fá ríkisstjórnina, sveitarstjórnir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga til að kynna vöru, þekkingu og þjónustu sem er græn og vistvæn og leiðir til aukinnar sjálfbærni á Íslandi.
Lagt fram til kynningar.

f) Frá Hugmyndir, dags. 9. 03. 2011.

Efni: Styrkbeiðni vegna www.northwest.is (ferðamálavef)
Hreppsnefnd samþykkti að styrkja verkefnið um 10 þúsund kr. plús vsk.
Áfangi styrki einnig verkefnið um sömu upphæð.

g) Frá Vegagerðinni, dags. 22. 03. 2011.

Efni: Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna efnistökusvæðis í landi Æsustaða í Langadal.
Áætluð efnistaka úr námunni á tuttugu ára tímabili er ca 25.000 m³

Framkvæmdaleyfi skulu vera í samræmi við aðalskipulag og eftir atvikum einnig deiliskipulag. Þrátt fyrir að hvorki sé til staðfest aðalskipulag né deiliskipulag fyrir umrætt svæði þá veitir hreppsnefnd, fyrir sitt leyti, framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Æsustaða í Langadal, með þeim fyrirvara að Skipulagsstofnun fallist á framkvæmdina án skipulagsgerðar. Leggist Skipulagsstofnun gegn því að framkvæmdir verði heimilaðar án skipulagsgerðar gerir hreppsnefnd ráð fyrir að ráðist verði í skipulagsgerð á kostnað framkvæmdaraðila.

8. Önnur mál.

Samþykkt var að boða fjallskilastjórn Grímstungu- og Haukagilsheiðar til næsta fundar í hreppsnefnd til umfjöllunar um bókun sem fram kemur í fundargerð fjallskilastjórnar þann 25. nóv. 2010.

Samþykkt var að Jóhanna E. Pálmadóttir verði fulltrúi Húnavatnshrepps á ársfundi Heimilisiðnaðarsafnsins, sem haldinn er í dag kl. 17.00.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15.13

Þóra Sverrisdóttir

Björn Magnússon

Jakob Sigurjónsson

Jóhanna E. Pálmadóttir

Magnús R. Sigurðsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen